

Vinátta á Bæjarbóli

Upphaf

Markmið verkefnis er að er styrkja einkunnarorð leikskólans sem eru leikgleði, agi og lífsleikni. Einnig er leikskólinn með þemaverkefni á hverju ári og nú var þemavinnan tileinkuð, „Ég sjálfur og lífsleikni“ og vináttuverkefnið því fléttarinn inn í þessar stundir. Starfsmenn voru mjög spenntir að kynnast nýju námsefni sem var búið að fá góða dóma frá öðrum leikskólum. Tekin var ákvörðun um að allur leikskólinn tæki þátt í verkefninu og öll börn leikskólans fengu vinabangsa.

Í byrjun árs 2016 fóru 6 starfsmenn leikskólans (4 deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjóri og hreyfingastjóri) á námskeið sem Barnaheill býður upp á til að kynna námsefnið Vinátta. Þessi kynning hjálpaði deildarstjórum að byrja undirbúa og kynna sér námsefnið og þá var tekin ákvörðun að keyra af stað með verkefnið að hausti. Námskeið á verkefninu fyrir alla starfsmenn var á starfsmannafundi í september 2017 og kynning fyrir foreldra var á aðalfundi foreldrafélagsins í byrjun október.

Framvinda

Þema vetrarins var „Ég sjálfur og lífsleikni“ og vináttustundir voru fléttarinn inn í þemastundir. Deildarstjórar deildanna sáu um vináttustundir að mestu og stundirnar voru í hverri viku. Á eldri deildum var unnið með hugtökin, umburðarlyndi, hugrekki, virðing og umhyggju. En á yngri deildum var unnið með nudd og söngva. Allar deildir unnu með nuddsögurnar.



Í byrjun október var formlegt upphaf verkefnisins þar sem tveir aðilar úr Hjálparsveit skáta í Garðabæ voru fengir til að aðstoða okkur að hefja verkefnið. Þeir komu í söngsal þar sem öll börnin voru samankomin með ferðatösku sem þeir höfðu fundið upp í Bláfjöllum. Börnin voru mjög spennt þegar þau sáu töskuna sem var merkt börnunum á Bæjarbóli. Öll börn fengu afhentan lítinn bangsa og starfsmenn merktu bangsana og börnin mega leika með þá í daglegu starfi inn á deildum. Litlu bangsarnir fara ekki úr húsi og eru notaðir í vinastundum og í öðru starfi leikskólans. Þegar börnin hætta á leikskólanum fá þau að taka bangsann með sér heim.



Endurmat

Starfsfólk leikskólans endurmat vináttuverkefnið á skipulagsdegi í maí, þar kom fram að vináttuverkefnið hafði að mati allra gengið mjög vel. Starfsmenn á yngri deildum telja að tveir yngstu árgangar leikskólans séu aðeins of ungir til að taka þátt í stundum en fengu

kynningu á efninu í samverustundum. Starfsfólk fannst mikilvægt að hafa litla hópa í stundunum og mikilvægt er að skipuleggja stundirnar vel. Í heildina var starfsfólkjöld mjög ánægt með námsefnið og er reynslunni ríkari eftir fyrsta skólaárið með Vináttu verkefnið og hlakkar til að þróa efnið enn betur næsta skólaár. Einnig kom fram að gott væri að hafa markvissara fyrir alla hvaða gildi er verið að vinna með í hverri stund, þá viku eða mánuð í senn og hafa það samræmt á milli deilda. Mikilvægt er að mati starfsfólks að grípa tækifærin þegar þau gefast í daglegu starfi til að vinna með efnið t.d. þegar börnini lenda í árekstrum sín á milli. Starfsfólk var mjög ánægt að bæta þessu inn í þemastarfið og þótti það góð viðbót við þemastundirnar.

Starfsfólk var sammála um að efnið henti síst með börnum á yngstu deildinni en þau nutu engu að síður mjög góðs af því. Nuddið var vinsælt og litlu bangsarnir ásamt stóra Blæ.



Foreldrasamstarf: Á árlegum fræðslu og foreldrafundi leikskólans í byrjun október 2016 kynnti Anna Bjarnadóttir, leikskólastjóri, námsefnið fyrir foreldrum. Á fundinn mættu 12 foreldrar sem verður að teljast afar dræm þátttaka á riflega 90 barna leikskóla. Þar af leiðandi sendi Anna tölvupóst á alla foreldra með upplýsingum um verkefnið og tengla svo foreldrarnir gætu kynnt sér það betur.

Verkefnið byggir á samvinnu við foreldra og því er nauðsynlegt að hafa svona fund þar sem vettvangur skapast til umræðu og allir eru þátttakendur. Hins vegar var verkefnið mjög sýnilegt í starfinu og inn á heimasíðu leikskólans. Einnig var umfjöllun um verkefnið í Fréttatímanum í lok marsmánaðar þar sem var viðtal við Rósu, aðstoðarskólastjóra um verkefnið. Fréttamaður kom á leikskólann og fylgdist með einni vinastund og tók myndir af börnunum í starfinu og skrifaði grein.

Studlaðu ad góðum samskiptum og vináttu í leikskóla barnsins þins

- ráð til foreldra

1. Sýna barnin þínur starfning i að umgangan sem er ófær barnið.
2. Talaðu allt af jákraðum um ferur bírni í leikskólanum, ferðum þeira og starfsemi með leikskólanum.
3. Þátttaka með ófær barnið og ófær ferðum og óferlendum leikskólanum verðandí almélundaga barnans.
4. Hentuðu ófær þín og segla frí og til þín.
5. Hentuðu ófær ferðum af jákraði þegar þair eru ófær.
6. Vetur gild fyrirspyl barnsins þins í ófari og rökli.

Mary Fonden | Barnsheild | Red Barnet

Lokaorð

Almenn ánægja var með verkefnið. Starfsfólk kann betur á námsefnið (töskuna) og er tilbúið að þróa það áfram næsta skólaár. Halda áfram að vinna með námsefnið fyrir 3 elstu árganga leikskólans og tveir yngstu fá kynningu. Börnin sýna hvort öðru meiri umhyggju inni á deildum. Við teljum að nuddið geri það að verkum að færri árekstrar myndast og þau séu umburðarlyndari gagnvart hvert öðru. Einnig viljum við tengja námsefnið meira inn í annað hópastarf og þurfa ekki að hafa það ávallt í sér stundum heldur samtvinna með öðrum verkefnum í tengslum við lífsleikni í leikskólanum. Starfsfólk er spennt fyrir að fá í hendur tösku sem er í



undirbúningi hjá Barnaheill sem er ætluð fyrir yngstu börn leikskólans (2 ára börnin). Einnig væri gaman að kynna sér betur hvernig má vinna með tónlistina sem fylgir verkefninu og bjóða starfsmönnum að sækja námskeið í því.

Ráðstöfun styrks:

Heildarupphæð styrks: 444.000 krónur

- Vináttutöskur og bangsar	245.000
- Námskeið starfsmanna	50.000
- Vinaleikefni (bækur, bangsar og spil)	89.000
- Launakostnaður vegna vinnu og skráningar	60.000

Samtals 444.000

○

Garðabær, 13. júní 2017

Anna Bjarnadóttir leikskólastjóri

Rósa Berglind Arnardóttir aðstoðarleikskólastjóri

Auður Skúladóttir verkefnastjóri hreyfingar